



Norrænar víddir í Feneyjum

Feneyjabiennallinn hefur löngum verið í brændepli sem vettvangur merkra strauma í heimslífinni. Oft hefur stabið styr um gildi þessara sýninga og hefur legið við að hátíð þessi yrði lögd niður fyrir fullt og allt. Þó hefur þessi heimssýning hjarab og komið margfeld út úr ógöngunum. Það má því segja að hún eigi fyllilega rétt á sér og vafalaust er biennallinn sú myndlistahátíð sem flestir listunendur bíða eftir í öfvæni annað hvert ár.

A Kjarvalsstöðum eru nú sýnd verk fulltrúa Norðurlanda á Feneyjabiennallinum 1978. Löngum hafa Norðurlönd verið hornkerling þessarar hátíðar og lítið hefur farið fyrir þeim innan um þann arargrúa landa sem sent hafa fulltrúa þangað. Stada norræna lista á alþjóðavettvangi er kapituli út af fyrir sig. Oftast hefur það verið þunnur þrettandi og undarlegt hve and-

þrem ljósmyndum af verkum, sem hafa verið á sýningunni í Feneyjum. Eitt verkanna stendur fyrir framan ljósmyndirnar, stálborð með koparplötum, sem eru lóðabár við það. Þetta eru greinileg minimalverk og mjög múnumentölsk. Ahorfandinn stendur frammi fyrir verkum sem eru mjög byggingaleg (arkitektural) og meiri áhersla er lögð á efniviðinn og áhrif hans, en form og fagurfræðilegt gildi þess.

Framlag Svianna eru verk Lars Englund. Þau eru eins og verk Dananna, höggmyndalegs eðlis. Englund sýnir hangandi skúlptúra, ásamt fjölda vinnustúdía, teiknaðar með blýanti, penna og bleki. Englund leggur aðaláherslu á samtengingarnar (strúktúr). Verk hans eru eins og mekkán, ekki ólík hugmyndum verkfræðingsins Buckminster Fuller. Þau minna

skryðast þær laufskrúði eða sandi í fjörinni. Þetta eru því líkt og náttúruvættir eða kameljón sem skipta um ham eftir umhverfinu. Prentabár litmyndir af þessum figúrum eru á veggjum, en fyrir framan þær eru nokkrar figúranna. Þar á meðal eru tvær mosavaxnar að róa á mosavöxnum báti.

Sigurður Guðmundsson sýnir fyrir Islands hönd. Hann er samur við sig. Narcissískar myndir af höfundi sjálfum eru holdtekja hugmynda hans. Í útfærslu á ljósmyndum á Sigurður fáa jafningja, svo vel vinnur hann hugmyndir sínar. Ljósmyndir Sigurðar eru komnar í beinan karlegg af Rose Sélavy-seríum Duchamps. Þær eru ljóðrænar, en um leið hnitnar og fullar af litum heimspekilegum vangaveltum um lífið og tilveruna. Það er leitun að eins tærum og beinum Conceptverkum og Sigurðar. Með litmyndum, fá verk Sigurðar nýjan og kröftugri blá en fyrri myndir hans.

Lestina rekur svo Norðmaðurinn Frans Widerberg. Einhvern veginn finnst mér málverk hans hálfgerður ana-krónismi innan um hin verkin. Það er undarlegt að Norðurlöndin skyldu ekki koma sér saman um að sýna hellegra framlag, en þar virðast Norðmenn hafa skorast undan. Widerberg er að visu ágætur málari en lítil framsækni tilþreif eru í þessum málverkum. Það lítur út fyrir að voða Munchs ætli seint að láta nútímamálara norska í friði.

Fyrir utan þetta einkennilega framlag Norðmanna er sýningin allgóður plús fyrir norræna og sýnir að þeir sækja í sig veðrið eftir allstórt kreppuástand. Þó verð ég að undanskilja íslenska myndlistamenn sem mér finnst að hafi stabið í miklu nánari tengslum við það sem best hefur gerst úti í heimi. Sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 9. október.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

legt fóður þessara landa hefur haldist illa í hendur við rifandi efnahag. Það er því athyglisvert að sjá hverju Norðurlöndin hafa tjaldað í Feneyjum á síðasta ári.

Sýnendurnir eru sjö talsins, en fulltrúar Danmerkur eru þrír og hafa unnið sem einn, að þeim verkum sem þarna eru sýnd, þeir kvitta því í sameiningu undir verkin. Þeir eiga það sameiginlegt, að vera kennarar við arkitektadeild Listaháskólans í Kaupmannahöfn. og það að auki eru þeir stofnendur „Institutet for Skalakunst“. Þeir eru Stig Brøgger, Hein Heinsen og Mogens Möller. Verk þeirra samanstanda af

á samsett mólakull, óendanleg og stjórnað form þeirra algerlega af tengiliðunum og því er ekki um að ræða neina formræna áherslu. Til skýringar, vitnar Englund í frönsku orðabók Roberts og gefur fólki kost á að nálgast þau hugtök sem ráða mestu um afstöðu hans.

Miklu rómantiskari eru verk Finnans Olavi Lanu. Líkt og sönnum Finna sámir, notar hann tré í verkum sínum. Þetta eru figúror áþekkar steingerðum Rómverjum sem grafnir voru úr óskulögum Pompeju. Figúror þessar setur Lanu í náttúruna á mismunandi árstíma, þannig að þær eru eins og snjókarlar að vetri. Að sumri

„Utangarðsmenn og örvænting“

Þjóðleikhúsið sýnir LEIGU-HJALL eftir Tennessee Williams.

Þýðing: Indriði G. Þorsteins-son.

Leikstjórn: Benedikt Arnason. Leikmynd og búningar: Sigurjón Jóhannsson.

Lýsing: Kristinn Danielsson. Leikhljóð: Gunnar Reynir Sveinsson.

Aðalhlutverk: Þóra Friðriksdóttir, Sigurður Skúlason, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Sig-

finna. Söguhetjur hans eru í bókstaflegum skilningi utangarðsmenn („outsiders“) — þær standa utan við heiminn og horfa á hann með skarpskyggni — sem merkir samkvæmt skilningi Williams að þær sjái óttann og skelfinguna í honum. Þetta er fólk sem á einhvern hátt er „skrytír“ („listamenn eða geðsjúklingar“ hefur hann sjálfur sagt). („Heimsbókmenntasaga Politíkens, 12. bindi).“ Nýjasta leikrit Tennessee



Leiklist

eftir Heimi Pálsson

mundur Örn Arngrímsson, Baldvin Halldórsson, Guðrún Þ. Stephensen.

Í handbók sem ég leita gjarna til um bókmenntasögu hefur kaflinn um Tennessee Williams fengið þá fyrirsögn sem hér er notuð. Og í þeirra bók segir (lausl. þýtt): „Í leikritum Williams er engan „boðskap“ að

Williams er engin undantekning frá þessari reglu, miklu fremur kröftug staðfesting hennar. Það flytur okkur engan boðskap um lausnir á mannlegum vanda, en sýnir okkur þeim mun meira af þessum vanda einkum eins og hann birtist í óttanum — og þá ekki síst óttanum við dauðann og tortímingu. Það verður

Bimyndir sjónvarpsins á næstu mánuðum: Sitt af hverju í sigtínu

Slatti af forvitnilegum biömyndum eru í sigtínu hjá sjónvarpinu á næstu mánuðum. Þeirra á meðal eru þessar ef all gengur:

Hinrik V. eftir leikriti Shakespeares, árgærd 1944, aðalhlutverk og leikstjórn: Sir Laurence Olivier.

City Street, klassískur amerískur krimmi frá árinu 1931 eftir sögu Dashiell Hammetts, aðalhlutverk: Gary Cooper.

Red Shoes, fræg bresk balletmynd, árgærd 1948.

A Night to Remember, bresk mynd frá árinu 1958, sem fjallar um Titaniclysib, aðalhlutverk: Kenneth More.

A Matter of Life and Death, bresk, árgærd 1946, aðalhlutverk: David Niven.

Carry On Cowboy, bresk áframmynd frá árinu 1966.

Dove, bandarísk árgærd 1974, aðalhlutverk: Joseph Bottoms, Gregory Peck.

The Go-Beta een, bresk árgærd 1971, leikstjórn: Joseph Losey, aðalhlutverk: Alan Bates, Susannah York.

Madame Sin, bresk, aðalhlutverk Bette Davis, Robert Wagner.

I'm Allright Jack, bresk gamanmynd, árgærd 1960, aðalhlutverk Peter Sellers, Ian Carmichael.

The Ipsress File, bresk njósna-mynd, árgærd 1965, aðalhlutverk Michael Caine.

The Night of the Iguana, bandarísk, eftir leikriti Tennessee Williams, leikstjórn John Huston, aðalhlutverk Richard Burton.

Og um jólin standa vonir til að sýndar verði myndirnar The King of Kings, bandarísk mynd frá árinu 1961 um líf Krists, leikstjórn Nicholas Ray, aðalhlutverk: Jeffrey Hunter, Singing in the Rain, bandarísk dans- og söngvamynd með Gene Kelly og Donald O'Connor og loks fyrir krakkana Lassie Come Home (árgærd 1943) með Elizabeth Taylor, Roddie MacDowall og Lassie.

Ólafur Haukur leggur bókina á hilluna

Ólafur Haukur Simonarson hefur nú ákveðið að bíða með bók þá sem væntanleg var frá honum fyrir jólin. „Ég ákvað að leggja hana á hilluna“, sagði Ólafur Haukur, „til að geta unnið að hljómplötunni um Hatt og Fatt af fullum krafti“.

Allt efni hljómplötu þessarar er eftir Ólaf Hauk, og hann hefur fylgt allri gerð hennar eftir, alveg til lokafrágangs. „Bókin bíður því næstu jóla“, sagði Ólafur Haukur. —GA

ÞRAS

Umræðuþættir í stjónvarpi á borð við þann sem gaf að líta á skjánum á þriðjudagskvöld um búvöruverðið hljóta að vera búnir að ganga sér til húðar. Þeir eru jafn meingallaðir og verðlagningarkerfi landbúnaðarins, sem þarna var verið að fjalla um.

Það segir sig sjálft að það er ekki mikils árangurs að vænta að því að húa saman í stjónvarpsal hópi þjóðmálavasarar til að rökræða jafn flókið mál og þarna er um að ræða. Það er líka orðin tilhneiging að hafa hópinn alltof stóran. Hver maður fær of stuttan tíma til að lýsa afstöðu sinni til að nokkur mynd verði á umræðunni. Kannski kunna Íslendingar heldur ekki rökræðulist af þessu tagi. Þeir eru þrasarar að upplagi.

Hvað sem því líður verður reyndin sú að umræðan skilur ekkert eftir. Man t.d. nokkur hvað Lúðvik hafði yfirhöfuð að



leggja til málanna. Þetta er fremur orðaskak og maður fylg-ist með því eins og skyllimungum. Kemur þessi lagi á andstæðinginn eða ófugt? En þegar upp er stabið man maður ekki hvað sá hinn sami hafði yfirleitt til málanna að leggja.

Það er fróðlegt en ef til vill ekki sanngjarnt að bera þennan umræðuþátt um búvöruverðið saman við annan umræðuþátt í fyrri viku um Írland. Þar var skipað í rökstólana með öðrum

hætti — sérfróðir menn um mál-efnið kvaddir til og maður varð stórum visari um vandamálið Írland. En auðvitað var þarna sá reginn munur á að þessir menn horfðu á vandamálið úr fjarlægð og gátu virt fyrir sér atburðina frá öðrum sjónarhóli en þeir sem staddir eru mitt í hringiðu þeirra. Engu að síður fannst mér að einhvern veginn svona ættu umræðuþættir að vera.

Þeir eiga að verða fróðlegir,

segja manni eitthvað sem maður vissi ekki áður og helst af öllu skemmtilegir, því að þá eru þeir með besta sjónvarpsefni sem gefst. En það ætlar að ganga illa að búa til þannig þætti með þáttöku íslenskra pólitíkusa. —B V S.

Frá umræðuþáttum yfir í viðtalsþætti. Gamli jarlar eins og Vernharður frá Húsavík ættu að vera meira en bærilegt efni



fyrir sjónvarp. Indriði ætti líka að kunna að taka viðtöl. Þrátt fyrir góðan vilja beggja þessara manna varð samt samtal þeirra í sjónvarpinu á sunnudaginn aldrei verulega áhugavekjandi, því síður að þar kæmi fram ný sannindi. Og það sem verra

var: Myndin sem fékkst af Vernharði var grunn og litlaus.

Þegar þættir eins og þessi (Maður er nefndur hét; forverinn) eru sýndir í íslensku stjónvarpi fer ekki hjá því að maður láti hugann reika vestur yfir hafid og beri þá saman við samtalsþætti þaðan. Dick Cavett er okkur kunnastur, og hans þættir eru af öðrum klassa. Þar eru líka notuð prófessjónal vinnubrögð: Hvorki mannaflí, tími né peningar eru sparadír til að

Sjónvarp

eftir Björn Vigni Sigurpálsson og Guðjón Arngrímsson

undirbúa, rannsakagðakomast því skemmtilegasta og athyglisverðasta í fari fórnarlambins. Að upptöku lokinni er svo klippt og aftur klippt. Þetta er vita-skuld ekki hægt í fátæku íslensku stjónvarpi. Því miður. —GA